



Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2008050003

3.30.013

13. maí 2008

Málefni: Umsögn PFS um frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, 522. mál, eftirlitsúrræði og málskot

I. Almennt

Vísað er til bréfs yðar til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 29. apríl s.l., f.h. samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, 522. mál, eftirlitsúrræði og málskot. Óskaðist svar í tölvupósti eigi síðar en 13. maí ásamt því sem frumrit skyldi póstsent til skjalaskráningar.

II. Um 1. gr.

PFS er fylgjandi því að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 5. gr. laganna er kveður á um eftirlitsúrræði stofnunarinnar þannig að það verði ekki einungis fjarskiptafyrirtæki eða póstrekendur sem beri skylda til að láta stofnuninni í té upplýsingar og gögn sem stofnunin metur nauðsynleg í tengslum við eftirlit og athuganir sem tengjast málum sem um er fjallað í ákvæðum laga um fjarskipti og pósthjónustu. Lög um fjarskipti og lög um pósthjónustu hafa að geyma fjölmörg ákvæði sem beinast að öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. PFS hefur skort eftirlitsúrræði gagnvart slíkum aðilum.

Ákvæði sem hér um ræðir geta m.a. varðað tíðniúthlutanir til annarra en fjarskiptafyrirtækja, óumbeðin fjarskipti við markaðssetningu, hljóðritun símtala, fjarskiptabúnað sem truflar önnur fjarskipti, markaðseftirlit PFS með söluaðilum fjarskiptabúnaðar, skyldu flutningsaðila til að flytja póstsendingar og ákvæði um óheimilar póstsendingar.

III. Um 2. gr.

PFS er fylgjandi því að hámarks málsmeðferðartími mála fyrir úrskurðarnefnd verði lengdur úr átta vikum í tólf. Reynslan hefur sýnt að mál sem fara fyrir nefndina geta verið viðamikil og flókin og því hefur málsmeðferðartími mála fyrir nefndinni iðulega farið fram yfir umræddar átta vikur. Mikilvægt er hins vegar að mál dragist ekki fyrir nefndinni í meira en tólf vikur þar sem fjarskiptageirinn er því marki brenndur að hröð tækniþróun á sér stað og aðstæður geta verið mjög fljótar að breytast. Af sömu ástæðum er PFS fylgjandi því að málshöfðunarfrestur vegna höfðunar dómsmáls til ógildingar úrskurðum úrskurðarnefndar verði stytur úr sex mánuðum í þrjá mánuði.

PFS telur þá breytingu að PFS geti borið úrskurði úrskurðarnefndar undir dómstóla



nauðsynlega. Mikilvægt er að stofnunin geti, eftir atvikum, varið fyrir dómstólum niðurstöður ákvarðanna sinna sem úrskurðarnefnd hefur ógilt eða breytt. Oft er um að ræða stór og mikilvæg mál sem jafnvel hafa verið til meðferðar hjá PFS í langan tíma, eins og t.d. ákvarðanir sem teknar eru í kjölfar ítarlegra markaðsgreininga á fjölmörgum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins.

Mál þessi eru oft stefnumarkandi á markaði og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að aukinni samkeppni í fjarskiptum, neytendum til hagsbóta. Sem dæmi mætti nefna að PFS þarf oft að gæta að hagsmunum ótilgreindra aðila á fjarskiptamarkaði eða aðila sem ekki eru ennþá til staðar á tilteknum fjarskiptamarkaði. Því er enginn aðili sem kæmi til með að fylgja slíkum ákvörðunum PFS eftir, sem úrskurðarnefnd hefur fellt úr gildi eða breytt, með því að skjóta viðkomandi úrskurði til dómstóla. Sem dæmi mætti nefna eftirfarandi tilvik:

1. PFS lagði þá kvöð á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk að leggja fram kostnaðartengt viðmiðunartilboð varðandi sýndarnetsaðgang á farsímamarkaði. Engin slík sýndarnetsfyrirtæki eru starfrækt á Íslandi enn sem komið er en slík fyrirtæki hafa stuðlað að aukinni samkeppni á farsímamörkuðum í Evrópu.
2. PFS þarf lögum samkvæmt að gæta að hagsmunum neytenda á fjarskipta- og póstmarkaði. Oft er ekki um eiginlegan kvartanda að ræða heldur geta mál hafist að frumkvæði PFS eða sem ábending frá notenda fjarskiptaþjónustu sem þó er ekki tilbúinn til að fylgja máli eftir með formlegri kvörtun. PFS þarf þá að gæta hagsmuna slíkra aðila sem og allra notenda fjarskiptaþjónustu.
3. PFS þarf að taka ákvarðanir sem varða úthlutanir úr jöfnunarsjóði alþjónustu og varðar að lokum öll fjarskiptafyrirtæki þar sem þau fjármagna jöfnunarsjóðinn með greiðslu jöfnunargjalds. Um 60 fjarskiptafyrirtæki starfa á Íslandi og væri það mjög óskilvirkt ef þau öll væru beinir aðilar að slíkum málum.

Þess má geta að sérstakar úrskurðarnefndir á sviði fjarskiptamála tíðkast ekki í Evrópu nema í Danmörku. Annars staðar verður ákvörðunum fjarskiptaeftirlitsstofnana skotið beint til dómstóla og því eiga fjarskiptaeftirlitsstofnanirnar aðild að slíkum dómsmálum í Evrópu og geta því varið niðurstöður ákvarðanna sinna fyrir dómstólum. Þá er ljóst samkvæmt frumvarpinu að málskot til dómstóla frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar og því ætti málskot af hálfu PFS ekki að hafa veruleg íþyngjandi áhrif gagnvart gagnaðila.

Virðingarfyllst,


Óskar Hafliði Ragnársson